

1. **Hvernig var fyrirtækið undirbúið fyrir óveðrið, tókst að framfylgja viðbragðsáætlun (er hún til vegna óveðurs/raforkuskorts), hvað hefði betur mátt fara og fyrirhugaðar aðgerðir í framhaldi af því?**

Síminn var vel undirbúinn. Vond veður að vetri eru engin nýlunda þó svo að umfang rafmagnsleysis hafi verið mjög mikið og langvarandi í þetta skiptið. Viðbragðsáætlun Símans var virkjuð og unnið skv. henni.

2. **Hver var staða varaafls fyrir þjónustuna við þessar aðstæður, m.a. var þjónustan háð eigin varaafli eða varaafli annarra, hversu stórt þjónustusvæði datt út vegna raforkuskorts? Tillögur til úrbóta.**

Staða varaafls var samkvæmt áætlun og uppfyllti þær kröfur sem Síminn hefur sett sér fyrir fjarskipti, þ.e. fyrir farsíma, talsíma (PSTN) og IP net. Síminn er bæði með sitt eigið varafl, og nýtir varafl hjá hýsingaraðilum þegar það á við. t.d. frá Mílu og Neyðarlínunni. Þegar mest var voru um 40 farsímasendistaðir óvirkir vegna rafmagnsleysis, frá Hrótafirði að Fljótsdal. Allir þéttbýlisstaðir á þessu svæði voru þó með farsímasamband, nema Siglufjörður aðfaranótt 11. desember.

3. **Var nægilegur mannaflí til staðar, til viðbragða, var tækjakostur fullnægjandi og aðgengilegur? Tillögur um eflingu viðbúnaðar ef við á.**

Þegar stór atvik koma upp mætti segja að alltaf mætti hafa meiri mannskap og fleiri tæki. Séð frá fjarskiptakerfum Símans biluðu engin mikilvæg kerfi af völdum óveðursins og reyndi því ekki á okkar innviði í þeim skilningi. Aðalorsök fjarskiptaleysis var langvarandi rafmagnsleysi. Þegar horft er til baka þá hefðu fleiri rafstöðvar, sérstaklega í þéttbýli klárlega hjálpað til. Sveitarfélög og rafveitur ættu t.d. að skoða hvort grundvöllur sé fyrir stærri rafstöðvum í þéttbýli sem geta straumfætt helstu öryggis innviði, svo sem lögreglustöðvar, sjúkrastofnanir, fjarskiptastaði osfrv. til að tryggja almannaöryggi þar sem að afhending raforku gæti talist ótrygg. Undanfarið hefur t.d. öflug varaflstöð á Bolungarvík margsannað gildi sitt í síendurteknum truflunum á Vestfjörðum.

Fjarskipti til fjalla og í strjálbýli er erfitt að tryggja í því ástandi sem skapaðist í þessu óveðri. Óhjákvæmilega geta truflanir orðið á þráðlausum fjarskiptum vegna ísingar, loftnet geta fokið eða brotnað og langvarandi rafmagnsleysi verður ekki leyst á öllum stöðum með varaflí, hvort sem um ræðir varafl frá rafstöðvum eða rafhlöðum.

4. **Aðrar tillögur um aðgerðir sem styrkja þjónustu fjarskipta í byggðakjörnum og hinum dreifðu byggðum til langs tíma, svo sem fjárfestingar.**

Að mörgu er að hyggja í þessu samhengi en ljóst að rafmagn gegnir það viðamiklu hlutverki í nútímasamfélagi að tryggja verður afhendingar öryggi þess en frekar á næstu árum. Almennt á þó aðaláhersla að vera á bætt afhendingaröryggi rafmagns á fjarskiptastöðum með varanlegri uppbyggingu veitufyrirtækja í þéttbýli og dreifbýli

Ljósleiðarvæðing fjarskiptastaða bætir svo uppítíma fjarskipta, þar sem að ljósleiðari er talsvert öruggari en örbylgjusambönd í óveðrum.

Að frumkvæði Neyðarlínunnar er vinnuhópur fjarskiptafélaganna, Neyðarfjarskipta og RÚV að störfum sem mun skila tillögum fljótlega hvað þetta varðar.

5. **Hver er sýn fyrirtækisins á það hver séu lágmarks öryggisfjarskipti fyrir almenning og hvað þurfi til að þau virki, þannig að almenningur geti látið vita af sér (t.d. talsímasamband við 112).**

Hér væri hægt að taka undir að lágmarks fjarskipti til að hafa samskipti við Neyðarlínu væri talsamband annaðhvort í farsíma eða yfir fastanetið. En að halda uppi slíkri þjónustu án annara innviða samfélagsins er varla raunhæft. Ef reka á fjarskiptakerfi án veiturfarmagns þarf margt að ganga upp. Frekar ætti að horfa til afhendingaröryggis rafmagns og skoða hvort setja þurfi lágmarksviðmið hvað það varðar.

6. **Aðrar aðgerðir sem skipta máli varðandi eflingu innviða og öryggi íbúa landsins.**

Fjarskipti eru mikilvægur hluti nútímasamfélags og því er mikilvægt að setja ekki of miklar óþarfa hindranir við uppbyggingu fjarskiptainnviða.

Mikilvægt er að sveitarfélögum beri að gera ráð fyrir þráðlausum fjarskiptum í skipulagsvinnu í þéttbýli og að fulltrúum fjarskiptafyrirtækja sem bjóða farsímaþjónustu skuli vera boðið til samráðs. Ekki verði hægt að hafna umsóknum um fjarskipta aðstöðu án málefnalegra raka.

Auðvelda má fjarskiptaskiptafyrirtækjum uppbyggingu innviða t.d. með kvöðum um að opinber mannvirki, t.d. stjórnsýslu byggingar, byggingar í eigu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga, osfr. leggi til aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað.

Landeigendur geti ekki komið í veg fyrir lagningu fjarskiptalagna í jörð án málefnalegra raka. Einnig að heimilt verði að leggja slíka strengi meðfram vegum án samninga við landeigendur, eingöngu í samráði við Vegagerðina. Einnig mætti grípa til ráðstafna sem liðka fyrir samningum um aðstöðu fyrir fjarskiptamannvirki á landi í einkaeign.